

Sannfær- andi Kikk

Kikk.

Steinar.

Aldrei fór það svo að platan með Kikk, sem búin er að vera í undirbúningi í hálf tannað ár, kæmi ekki út að endingu. Loksins er hún komin en reyndar ekki nema 6 lög. Einhvern veginn átti maður fremur von á breiðskífu í fullri lengd.

Mér fannst framan af ákaflega lítið til plötunnar koma en síðan vann hún mjög á við hlustun, einkum og sér í lagi fyrri hliðin. Hljómurinn er mjög „þéttur“ og allur hljóðfæraleikur mjög sannfærandi. Söngur Sigríðar Beinteinsdóttur jafnvel enn betri en ég átti von á.

Kikk skipa á plötunni auk Sigríðar Nikulás Róbertsson/hljómborð, Guðmundur Jónsson/gítar, Sveinn Kjartansson/bassi og Jón Björgvinsson/trommur. Miklar manna-breytingar hafa verið í Kikk undangengna 18 mánuði og nú eru bæði Jón og Guðmundur hættir. Sjónarsviptir að þeim báðum því Jón er stórskemmtilegur trymbill og Guðmundur var aðallagahöfundur flokksins (á 14 lög af 6 hér) auk þess að vera góður gítarleikari.

Margir hafa gagnrýnt þá ákvörðun að hafa enska texta á þessari plötu og tek ég undir hana. Er á því að góðir íslenskir textar hefðu skilað sér miklu betur. Þessi ákvörðun mun hins vegar hafa verið af hálfu Steina að því er hljómsveitarmeðlimir tjáðu mér en tæpast fer Kikk á erlendan markað, þrátt fyrir góða tilburði.

Bestu lög plötunnar finnst mér vera Try for Your Best Friend, Pictures og Looking for Someone. Nikulás Róbertsson er höfundur þess fyrsta, Guðmundur hinna síðari. Is This the Future er niðþungt lag á milli þessara tveggja, sem bæði eru á A-hlið, en skemmtilegt. B-hliðin er léttvægari en samt mættu flestar íslenskar sveitir vel við sambærilegan árangur una.